

3. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.3. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring:	kr. 7.500, verði kr. 9.300.
Gisting í eina nótt:	kr. 3.800, verði kr. 5.500.
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag:	kr. 3.700, verði kr. 3.800.
Fæði hvern hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag:	kr. 1.850, verði kr. 1.900.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1998.

Reykjavík, 29. maí 1998.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

Nr. 318

20. maí 1998

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.**

Hreppsnefnd Álftaneshrepps, Mýrasýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir sumar-bústað í Knarrarnesi, einnig breytingu á sumar-bústaðasvæði í landi Grenja, stækkun um fjórar lóðir.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulags-reglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra skipulag á sumar-bústaðasvæði í landi Grenja er ógilt.

20. maí 1998.

F.h. hreppsnefndar,

Einar Ole Pedersen oddviti.

Nr. 319

19. maí 1998

AUGLÝSING**um samþykkt deiliskipulag á Flateyri við Öundurarfjörð í Ísafjarðarbæ.**

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Flateyri í Ísafjarðarbæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ, 19. maí 1998.

Kristinn Jón Jónsson.